

# REGLUR

## um þátttöku í Birtingakerfi

### Greiðsluveitunnar

1. gr.

*Gildissvið og markmið.*

Reglur þessar gilda um þátttöku í Birtingakerfi Greiðsluveitunnar.

Markmið reglna þessara er að tilgreina þau skilyrði sem uppfylla þarf til þess að geta gerst þátttakandi ásamt því að skilgreina hlutverk og ábyrgðarsvið aðila til að auka gagnsæi, skilvirkni og rekstraröryggi í Birtingakerfinu.

2. gr.

*Skilgreining hugtaka.*

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

<b>Birting:</b>	Þegar gögn hafa verið send inn í Birtingakerfið og birst móttakanda sem rafrænt skjal í netbanka.
<b>Birtingakerfið:</b>	Sjálfstætt kerfi sem gerir þátttakendum kleift að birta í netbönkum ýmiss konar kennitölutengd gögn fyrir sig eða innsendingaraðila í viðskiptum við þá.
<b>Félagið:</b>	Greiðsluveitan ehf.
<b>Innsendingaraðili:</b>	Útgefandi rafræns skjals sem hefur gert samning við þátttakanda og samþykkt skilmála um notkun Birtingakerfisins.
<b>Móttakandi:</b>	Aðili í viðskiptum við þátttakanda og með aðgang að netbanka.
<b>Tækniþjónusta:</b>	Vistun gagna sem tenglar í Birtingakerfinu vísa til.
<b>Tækniþjónustufyrirtæki:</b>	Aðili sem hefur undirritað samning við þátttakanda um tækniþjónustu.
<b>Þátttakandi:</b>	Aðili sem uppfyllir þátttökuskilyrði 3. gr. og hefur undirritað samning um þátttöku í Birtingakerfinu.
<b>Óbeinn þátttakandi:</b>	Aðili sem ekki starfrækir netbanka en uppfyllir öll þátttökuskilyrði 3. gr. og hefur undirritað samning um óbeina þátttöku í Birtingakerfinu.

### 3. gr.

#### *Þáttökuskilyrði.*

Umsækjendur um aðild að Birtingakerfinu skulu uppfylla eftirfarandi þáttökuskilyrði áður en heimild til þáttöku er veitt:

1. Vera stofnun skv. 2. tl. 2. gr. laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.
2. Hafa yfir að ráða fullnægjandi tæknibúnaði vegna þáttökunnar að mati Greiðsluveitunnar.
3. Hafa yfir að ráða nauðsynlegri stjórnunarlegri getu og tækniþekkingu starfsmanna vegna þáttökunnar að mati Greiðsluveitunnar.
4. Hafa greitt eða samið um greiðslu stofn- og tengigjalds.
5. Hafa undirritað samning um þáttöku í Birtingakerfinu.

### 4. gr.

#### *Skyldur þátttakenda.*

Þátttakendur í Birtingakerfinu skulu ávallt uppfylla eftirfarandi skyldur, m.a. til að stuðla að öryggi og skilvirkni í kerfinu:

1. Tryggja að þáttökuskilyrði skv. 3. gr. séu ávallt uppfyllt.
2. Fara í öllu eftir reglum er gilda um starfsemi Birtingakerfisins.
3. Greiða skilvíslega öll gjöld vegna þáttöku sinnar samkvæmt gildandi gjaldskrá Greiðsluveitunnar á hverjum tíma.
4. Birta öll þau gögn sem aðrir þátttakendur senda inn í Birtingakerfið með þeim takmörkunum sem leiðir af 7. gr.
5. Starfrækja prófunarumhverfi til að prófa allar breytingar á þeim kerfum sem eiga samskipti við Birtingakerfið. Prófanir skulu fara fram áður en viðbætur eru teknar í notkun og bera þátttakendur ábyrgð á eigin kerfisprófunum.
6. Bera ábyrgð á starfsemi þriðja aðila ákveði þátttakandi að útvista einstökum verkþáttum sem tengjast notkun Birtingakerfisins, þ.m.t. öryggi innsendra gagna í kerfið skv. 2. mgr. 4. gr.
7. Tilkynna Greiðsluveitunni tafarlaust öll mikilsverð tilvik sem kunna að raska eða hafa raskað starfsemi Birtingakerfisins.
8. Taka þátt í öllum skipulögðum viðtökuprófunum og viðbúnaðaræfingum og koma sér upp viðbúnaðaráætlunum vegna tengingar og samskipta við Birtingakerfið.

Þátttakendur skulu tryggja öryggi innsendra gagna. Þetta má gera með því að gera kröfur um að innsendingaraðilar uppfylli öryggisstaðla s.s. PCI DSS eða ISO/IEC 27001 er lúta að öryggismálum eða tryggja með öðrum sambærilegum hætti að innsend gögn innihaldi ekki óværun eða spilliforrit.

Ákvæði 4. tl. 1. mgr. á ekki við um óbæina þátttakendur.

### 5. gr.

#### *Birting.*

Einungis þátttakendur samkvæmt reglum þessum hafa heimild til þess að senda gögn í Birtingakerfið, gögnin birtast sem rafræn skjöl í netbönkum þátttakenda.

Óheimilt er að birta gögn úr Birtingakerfinu annars staðar en í netbönkum þátttakenda.

6. gr.

*Skilmálar innsendingaraðila.*

Innsendingaraðilar skulu samþykkja sérstaka skilmála um Birtingakerfið áður en þátttakendur senda gögn í Birtingakerfið fyrir þeirra hönd. Þátttakendur bera ábyrgð á að innsendingaraðilar samþykki skilmála samkvæmt ákvæði þessu.

7. gr.

*Óheimil gögn.*

Óheimilt er að senda gögn í Birtingakerfið frá aðilum sem ekki hafa samþykkt skilyrði um notkun þess. Birting fréttabréfa er óheimil. Ekki er heimilt að setja auglýsingar og merki þátttakanda á sniðmát innsendingaraðila nema þegar þátttakendur eru beinir innsendingaraðilar gagna, svo sem við innsendingu reikningsyfirlita.

Óheimilt er að birta fullt greiðslukortanúmer í Birtingakerfinu og aldrei má birta meira en fyrstu sex og síðustu fjórar tölur þess.

Óheimilt er að birta launaseðla í öðrum netbönkum en þar sem móttakandi er með launareikning. Óheimilt er að birta reikningsyfirlit þátttakanda í öðrum netbönkum.

Óheimilt er að senda tengla í Birtingakerfið sem vísa í gögn utan þess nema slík gögn séu vistuð hjá tækniþjónustufyrirtæki samkvæmt skilmálum þessum.

Gögn sem ekki fullnægja öllum skilyrðum fyrir birtingu má fjarlægja án sérstakrar aðvörunar, svo sem ef þau innihalda tölvuveiru, spilliforrit eða ógna upplýsingaöryggi á einhvern hátt.

8. gr.

*Tækniþjónustufyrirtæki.*

Tækniþjónustufyrirtæki starfa í umboði og á ábyrgð þátttakanda. Áður en þátttakendur veita tækniþjónustufyrirtæki heimild til að þjóna þeim innsendingaraðilum sem eru í viðskiptum við þátttakanda, skal tækniþjónustufyrirtæki undirrita samning við þátttakanda um tækniþjónustu. Í samningi um tækniþjónustu skal tækniþjónustufyrirtæki m.a. ábyrgjast:

1. Að allir tenglar sem vísa/sækja gögn sem vistuð eru hjá þeim fari ávallt yfir SSL - samskipti (https) með gildu vefskilríki.
2. Að tenglar vísi ávallt í ákveðin skjöl en ekki svæði margra skjala.
3. Að engir tenglar sem vísa í gögn sem vistuð eru hjá þeim innihaldi kennitölu, nafn eða önnur persónugreinanleg einkenni.
4. Að allir tenglar hafi slík sérkenni að ómögulegt sé fyrir móttakanda að giska á slóðir annarra skjala.
5. Að vefþjónar sem taka á móti tenglum standist ársfjórðungslega netskönnun (e. External network scan) samkvæmt PCI-DSS - staðlinum.

Allir tenglar sem vísa í gögn hjá tækniþjónustufyrirtæki skulu opnast í nýjum glugga og upplýsa skal móttakanda um að slík gögn séu vistuð utan Birtingakerfisins og þau kunni að breytast án fyrirvara.

Þátttakendur bera ábyrgð á að tækniþjónustufyrirtæki undirriti samning við þátttakanda um tækniþjónustu áður en þeim er veitt heimild til að annast tækniþjónustu fyrir innsendingaraðila.

9. gr.

*Eftirlit og þjónusta.*

Greiðsluveitan sér um vöktun á og hefur eftirlit með Birtingakerfinu.

Greiðsluveitan veitir þátttakendum aðgang að sérstakri þjónustumiðstöð sem opin er kl. 8-18 virka daga. Jafnframt miðlar félagið þeim upplýsingum til þátttakenda sem það býr yfir og geta nýst þeim vegna þátttöku þeirra í Birtingakerfinu.

Greiðsluveitan skal aðstoða þátttakendur hafi alvarlegar bilanir eða óhöpp átt sér stað í Birtingakerfinu og ber að tryggja þátttakendum og tækniþjónustufyrirtækjum á þeirra vegum aðgang að nauðsynlegum gögnum í samræmi við hlutverk þeirra.

Greiðsluveitan skal bregðast við alvarlegum bilunum í rekstri kerfisins eins fljótt og unnt er.

10. gr.

*Þróun og viðhald.*

Öll þróun, viðhald og uppfærsla Birtingakerfisins er á forræði Greiðsluveitunnar. Félagið áskilur sér rétt til þess að ákveða einhliða að breyta, auka eða minnka þá þjónustu sem veitt er í kerfinu. Allar slíkar breytingar skulu tilkynntar með fyrirvara.

Nauðsynlegt viðhald Birtingakerfisins getur truflað rekstur þess í einhverjum tilfellum. Greiðsluveitan skal framkvæma slíkt viðhald á tímabilinu kl. 01-05 aðfararnótt mánudaga og ekki oftár en tvisvar í mánuði. Fyrirhuguð truflun af þessum sökum skal tilkynnt með fyrirvara.

Greiðsluveitunni er einu sinni á hverju almanaksári heimilt að stöðva vinnslu í kerfinu í allt að átta klukkustundir. Slíkt skal aðeins gert um helgi og tilkynnt eins snemma og unnt er og með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Greiðsluveitan ber ekki ábyrgð á því ef þróun og uppfærsla Birtingakerfisins leiðir til þess að nauðsynlegt verður fyrir þátttakanda að breyta þeim vél- og hugbúnaði sem hann nýtir til samskipta við kerfið og tekur ekki þátt í kostnaði sem hlýst af því.

11. gr.

*Geymsla gagna.*

Gögn vistuð í Birtingakerfinu eru geymd í sjö ár frá innsendingu þeirra og móttakendum aðgengileg þann tíma, nema um annað sé sérstaklega samið.

12. gr.

*Tengiliðir.*

Þátttakendur skulu afhenda Greiðsluveitunni lista yfir eftirtalda aðila:

1. Tengiliði sem Greiðsluveitan getur haft samband við vegna atriða sem varða Birtingakerfið, s.s. vegna almennrar upplýsingamiðlunar, reglna, samninga og þjónustu við kerfið og annarra atriða.
2. Tengiliði sem Greiðsluveitan getur haft samband við komi upp vandamál tengd rekstri Birtingakerfisins.

Þátttakandi ber ábyrgð á að framangreindir listar séu ávallt réttir og uppfærðir í samræmi við starfsskyldur starfsmanna hans hverju sinni.

13. gr.

*Flutningur gagna.*

Óheimilt er að flytja birt gögn milli þátttakanda nema með heimild Greiðsluveitunnar.

14. gr.

*Breytingar á gögnum.*

Þegar gögn frá innsendingaraðila eða þátttakanda hafa verið birt eignast móttakandi full og óafturkræf yferráð yfir viðkomandi skjali með þeim takmörkunum sem leiðir af 11. gr.

Ekki er heimilt að breyta, eyða eða fella niður gögn eftir að þau hafa verið birt móttakanda. Allar leiðréttingar verða að vera í formi kredit- eða debetreiknings eða með birtingu nýs rafræns skjals. Ekki má breyta þeim sniðmátum sem eiga uppruna sinn í Birtingakerfinu.

15. gr.

*Aðgangur að gögnum.*

Eingöngu eftirfarandi aðilar skulu hafa aðgang að birtum gögnum:

1. Móttakandi.
2. Sérstakir tæknimenn Greiðsluveitunnar eða aðilar á hennar vegum. Aðgangur samkvæmt þessum lið skal vera rekjanlegur, frá fyrirfram skilgreindum IP-tölum.
3. Sérstakir tæknimenn þátttakanda. Aðgangur að birtum gögnum samkvæmt þessum lið skulu að hámarki þrjú aðilar frá hverjum þátttakanda hafa. Öryggisstjóri hvers þátttakanda skal halda utan um lista með nöfnum þessara aðila og skal hann uppfærður reglulega. Hlutverk tæknimanna skal eingöngu vera vinna varðandi kerfislega meðferð gagna og skal öll þróunarvinna fara fram á svokölluðu prófunarsvæði en ekki á raungögnum. Aðgangur samkvæmt þessum lið skal vera rekjanlegur, frá fyrirfram skilgreindum IP-tölum.

Greiðsluveitan heldur utan um lista yfir aðila samkvæmt ákvæði þessu.

16. gr.

*Ábyrgð á innsendum gögnum.*

Þátttakandi ber ávallt ábyrgð á að innsendingaraðili hafi fulla ráðstöfunarheimild yfir þeim gögnum sem hann birtir eða sendir móttakanda. Þátttakandi ber ábyrgð á því að birt gögn séu ávallt í fullu samræmi við gildandi skilmála, lög og stjórnvaldsreglur, þar með talin refsíákvæði og ákvæði um hugverkaréttindi, velsæmi og meðferð persónuupplýsinga. Gögn sem ekki uppfylla þær kröfur má fjarlægja um leið og kvartanir berast eða þeirra verður vart með öðrum hætti. Þátttakanda verður send tilkynning þar um.

Þátttakandi er ábyrgðaraðili og Greiðsluveitan, eða rekstraraðilar á hennar vegum, er vinnsluaðili sérhverra þeirra persónuupplýsinga sem kann að vera að finna í þeim gögnum sem innsendingaraðilar birta í Birtingakerfinu.

Greiðsluveitan gerir sérstakan samning við hvern þátttakanda og gegnir sá samningur meðal annars hlutverki vinnslusamnings í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þegar gögn hafa verið birt gerist þátttakandi ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem þar kunna að vera.

17. gr.

*Umsóknir.*

Umsækjendur um aðild að Birtingakerfinu skulu fylla út þar til gert umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á heimasíðu eða skrifstofu Greiðsluveitunnar. Umsókn telst aðeins gild sé hún rétt útfyllt og meðfylgjandi séu umbeðin fylgiskjöl í samræmi við leiðbeiningar á umsóknareyðublaðinu.

18. gr.

*Upplýsingagjöf.*

Þátttakendur í Birtingakerfinu skulu leggja fram öll þau gögn sem Greiðsluveitan telur nauðsynleg og ekki eru bundin þagnarskyldu samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, til þess m.a. að ganga úr skugga um að þátttakandi virði lög, reglur og skilmála sem um Birtingakerfið gilda og varða viðskipti hans í kerfinu á einn eða annan hátt að mati félagsins.

Greiðsluveitunni er heimilt að birta tölfraeðilegar upplýsingar er varða Birtingakerfið. Slíkar upplýsingar skulu aldrei birtar á þann hátt að hægt sé að greina einstaka þátttakendur eða innsendingaraðila.

19. gr.

*Heimild til útvistunar.*

Greiðsluveitunni er heimilt að fela utanaðkomandi aðila, hér eftir nefndur útvistunaraðili, að annast tiltekna þjónustupætti sem varða rekstur Birtingakerfisins. Slík útvistun hefur ekki áhrif á ábyrgð, réttindi eða skyldur samkvæmt reglum þessum. Félagið skal sýna eðlilega aðgæslu í tengslum við val, tilnefningu og eftirlit með útvistunaraðila samkvæmt þessari grein. Samningar félagsins vegna þýðingarmikilla þjónustupátta skulu vera skriflegir.

Tryggt skal að útvistunaraðili annist tæknilegan rekstur í samræmi við góða starfshætti rekstraraðila, sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2012.

20. gr.

*Lokun.*

Nú nýtir þátttakandi/innsendingaraðili búnað til samskipta við Birtingakerfið sem ekki er nægjanlega samhæfður kerfinu og er þá Greiðsluveitunni heimilt að loka aðgangi hans að kerfinu að hluta eða að fullu, telji félagið að umræddur búnaður valdi hættu á truflunum í rekstri kerfisins.

Ef þátttakandi í Birtingakerfinu brýtur reglur þessar eða önnur lög eða reglur sem um greiðsluþjónustu gilda getur Greiðsluveitan beitt lokun enda hafi þátttakandi ekki sinnt áminningu um úrbætur innan tiltekinna tímamarka. Bregðist þátttakandi ekki við ítrekuðum áskorunum þrátt fyrir að lokun hafi verið beitt er félaginu heimilt að rifta þátttökusamningi án frekari fyrirvara. Félaginu er heimilt að birta opinberlega tilkynningu ef gripið er til úrræða samkvæmt þessari grein.

21. gr.

*Ábyrgð.*

Greiðsluveitan ber skaðabótaábyrgð eftir almennum reglum skaðabótaréttar á beinu tjóni þátttakenda, sem rekja má til ásetnings eða stórfellds gáleysis félagsins eða starfsmanna sem það ber ábyrgð á, með þeim undantekningum sem fram koma í reglum þessum.

Greiðsluveitan skal í engu tilfelli teljast ábyrg fyrir óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru óbeinu fjártjóni, sem stafar til dæmis af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi Birtingakerfisins. Gildir einu þótt truflunin stafi af uppfærslu eða endurbótum á búnaði kerfisins, en þegar þess er kostur skal félagið tilkynna þátttakendum slíkar truflanir með fyrirvara, sbr. 2. mgr. 10. gr.

Greiðsluveitan ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða atriða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik (force majeure).

Hafi þátttakandi valdið því eða átt þátt í því að tjón varð eða afleiðingar þess urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð Greiðsluveitunnar.

22. gr.

*Allsherjar takmörkun ábyrgðar.*

Samanlögð ábyrgð Greiðsluveitunnar gagnvart öllum þátttakendum sínum skal vera takmörkuð við tíu milljónir króna vegna allra krafna sem rísa vegna eins og sama tjonstilviks. Félagið metur hvað skal teljast eitt og sama tjonstilvik í þessum skilningi, en til dæmis skal litið svo á að tjon vegna eins og sama atburðar teljist eitt tjonstilvik.

Samanlögð árleg ábyrgð Greiðsluveitunnar gagnvart öllum þátttakendum sínum skal vera takmörkuð við fimmtán milljónir króna vegna allra krafna, án tillits til þess hversu mörg tjonstilvikin hafa verið.

Sérhverri fjárhæð, sem sætir takmörkun ábyrgðar samkvæmt þessari grein, skal skipta milli kröfuhafa að tiltölu við kröfur þeirra.

Heimild til takmörkunar samkvæmt þessari grein skal vera fyrir hendi án tillits til þess á hvaða grundvelli ábyrgðin hvílir.

23. gr.

*Tilkynningar um tjon.*

Skaðabótakröfu ber að lýsa á hendur Greiðsluveitunni þegar í kjölfar tjónsatburðar eða í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá því að tjónsatburður varð eða þátttakanda mátti vera ljóst að tjon hafi orðið. Að öðrum kosti fellur krafa á hendur félaginu niður.

Bætur sem Greiðsluveitunni ber að greiða þátttakendum sínum verða greiddar eins fljótt og unnt er eftir lok þess almanaksárs sem krafa eða kröfur eru settar fram.

24. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar taka gildi hinn 15. október 2013.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þátttakendur sem hafa aðgang að Birtingakerfi Greiðsluveitunnar þegar reglur þessar taka gildi skulu tryggja að allir innsendingaraðilar sem heimild hafa til að birta gögn í kerfinu undirriti skilmála skv. 6. gr. fyrir 1. febrúar 2014.

Þátttakendur sem hafa aðgang að Birtingakerfi Greiðsluveitunnar þegar reglur þessar taka gildi og uppfylla ekki ákvæði 2. mgr. 7. gr. skulu gera það eigi seinna en 1. desember 2013.

Reykjavík, 30. september 2013.

*Greiðsluveitan ehf.*

**Guðmundur Kr. Tómasson,**  
stjórnarformaður

**Finnur Sveinbjörnsson,**  
stjórnarmaður

**Gerður Ísberg,**  
stjórnarmaður

**Tómas Örn Kristinsson,**  
stjórnarmaður